

Fundargerð 80. fundar

stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2025, föstudaginn 31. janúar kl. 09:00 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Guðmundur Haukur Jakobsson, Ísleifur Jónasson, Jónína Brynjólfsdóttir, Knútur Emil Jónasson, Kjartan Benediktsson og Kristinn Andersen.

Guðný Birna Guðmundsdóttir boðaði forföll.

Að auki sat fundinn Þórdís Sveinsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundir með ráðherrum - 2501005SO

Rætt um fyrirhugaða fundi með nýjum ráðherrum og lögð áhersla á að fá framkvæmdastjóra Sambandsins og lögfræðing með á fundina. Jafnframt lögð fram kynning sem samtökin notuðust við þegar þau funduðu með fjármála- og efnahagsráðherra 29. nóvember 2023.

Formanni falið að ýta eftir því að fá fundi með ráðherrum en erindi var sent á ráðuneytin 30. janúar. Þegar fundartímar liggja fyrir mun stjórn ákveða í framhaldinu hverjir mæti fyrir hönd hennar og þau málefni sem verða rædd.

2. Orkufundur 2025 - 2501004SO

Rætt um tímasetningu og áherslur Orkufundar 2025 sem samkvæmt samþykktum skal halda á hverju ári.

Mikil umræða var um Orkufund 2025. Stjórn samþykkti að leggja upp með að halda Orkufund 2025 í vor og að áherslan verði á samskipti á milli ríki og sveitarfélaga í orkumálum. Einnig stefnt að því að halda fræðsluferð stjórnar á sama tíma.

3. Orkumál - staða og stefna - 2202003SO

Fjallað um umsögn um skýrslu og frumvarp um endurskoðun á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun og var formanni falið að ganga frá umsögninni og senda inn í samráðsgátt.

Formaður upplýsti um að búið væri að óska eftir fundi með framkvæmdastjóra Samorku.

Var sérstaklega rætt um dóm Héraðsdóms Reykjavíkur um ógildingu virkjunarleyfis.

Stjórn SO hefur kynnt sér dóm Héraðsdóms Reykjavíkur frá 15. janúar um ógildingu virkjunarleyfis og leyfis skv. 18. gr. laga um stjórn vatnamála. Stjórnin hvetur til þess að lagt verði fram lagafrumvarp eins fljótt og verða

má, sem hafi það að markmiði að ákvæði laga nr. 36/2011 verði færð til samræmis við almenna túlkun á rammatilskipun um stjórn vatnamála.

Fundi var slitið kl. 10:15